



Umhverfisstofnun,  
b.t. Sigurðar Ingasonar,  
b.t. Agnars Braga Bragasonar,  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík.

<b>Umhverfisstofnun</b>	
Áb. <u>51</u>	
<b>30 MAR 2020</b> <i>08.12.02</i>	
Tilv. <u>UST 202003-608</u>	

Reykjavík, 20. mars 2020.

**Efni: Varðar umsókn Laxa fiskeldis ehf. um starfsleyfi í Reyðarfirði – 10.000 tonn. Ósk um málsmeðferð vegna 7.000 tonna, sbr. B-hluta umsóknarinnar.**

Ágætu viðtakendur.

Eins og ykkur er kunnugt liggur fyrir hjá Umhverfisstofnun (hér eftir „UST“) umsókn Laxa fiskeldis ehf. (hér eftir „Laxar“) um starfsleyfi til aukinnar framleiðslu á frjóum laxi í Reyðarfirði um 10.000 tonn. Tilgreind starfsleyfisumsókn var móttækin þann 26. maí 2017 af Matvælastofnun (hér eftir „MAST“) í samræmi við áðurgildandi 4. gr. a. og III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi, en hún hafði þó verið í óslitnu ferli hjá þar til bærum yfirvöldum allt frá árinu 2012 líkt og nánar er rakið í meðfylgjandi greinargerð Laxa til UST, dags. 30. janúar 2019.

Til upprifjunar skal á það minnt að Laxar hafa nú þegar starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu á 6.000 tonnum af frjóum laxi í Reyðarfirði.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar lá fyrir þann 21. desember 2018. Var í álitinu vísað til áhættumats Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar á milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi, sem útgefið var í júlímánuði 2017, þar sem lagt var til grundvallar að ásættanlegt væri að heimila allt að 15.000 tonna eldi í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði samanlagt (9.000 tonn í Reyðarfirði og 6.000 tonn í Fáskrúðsfirði). Með vísan til þess lagði Skipulagsstofnun til grundvallar í álitinu að fyrirhugaðar áætlanir Laxa um 16.000 tonna eldi gerðu ráð fyrir meira eldi en talið væri ásættanlegt í áhættumati. Samkvæmt því væri það mat og álit Skipulagsstofnunar að líkur væru á að áhrif fyrirhugaðs eldis í Reyðarfirði á villta laxastofna yrði verulega neikvæð.

Í framhaldi af því, eða þann 30. janúar 2019, sendu Laxar fyrrgreinda greinargerð til UST þar sem fram kom beiðni félagsins um nánar tilgreinda málsmeðferð UST vegna umsóknar um starfsleyfi vegna 10.000 tonna viðbótarframleiðslu í Reyðarfirði. Vísast um það efni til meðfylgjandi tölvubréfs sem og einkum til bls. 4–7 í tilgreindri greinargerð sem jafnframt er hjálögð. Var beiðni Laxa um málsmeðferð grundvölluð á því að hluti af heildarumsókninni (10.000 tonn) myndi rúmast innan áður birts áhættumats Hafrannsóknastofnunar (þ.e. 3.000 tonn) en hluti utan þess (þ.e. 7.000 tonn). Varðandi beiðnina vísast nánar til eftirfarandi á bls. 4 í greinargerð Laxa til UST, dags. 30. janúar 2019:

*„Vegna þeirra sjónarmiða sem rakin eru að framan í greinargerð þessari óskar umsækjandi eftir að við málsmeðferð Umhverfisstofnunar á umsókn hans um starfsleyfi til viðbótarframleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Reyðarfirði komi fyrst til skoðunar og afgreiðslu sá þáttur umsóknarinnar sem lýtur að viðbótarframleiðslu á 3.000 tonnum af laxi í firðinum, þ.e. það eldismagn af frjóum laxi sem rúmast innan áhættumats Hafrannsóknastofnunar (hér eftir nefndur „A-hluti“). Að fenginni afstöðu og niðurstöðu Umhverfisstofnunar til þess þáttar komi því næst til skoðunar sá hluti umsóknar umsækjanda um viðbótarframleiðsluheimildir sem eftir standa samkvæmt umsókninni, þ.e. til framleiðsluheimilda sem nema 7.000 tonnum þannig að heildarviðbótarframleiðsluheimildir nemi 10.000 tonnum líkt og umsókn umsækjanda tekur til (hér eftir nefndur „B-hluti“).“*

Fyrir liggur að UST samþykkt tilgreinda beiðni Laxa um málsmeðferð vegna heildarumsóknarinnar og skipti þannig umsókn félagsins upp í tvö stjórnýslumál, þ.e. annars vegar mál sem lýtur að viðbótarframleiðslu á 3.000 tonnum (nefndur A-hluti umsóknarinnar) og hins vegar mál sem lýtur að viðbótarframleiðslu á 7.000 tonnum (nefndur B-hluti umsóknarinnar). Var sami háttur viðhafður hjá MAST vegna umsóknar Laxa um rekstrarleyfi vegna sömu framkvæmdar. Þá hefur UST þegar upplýst Laxa um að stofnunin hafi þegar afgreitt starfsleyfi vegna A-hluta umsóknarinnar og sent það til MAST þar sem það bíður útgáfu til Laxa á meðan verið er að afgreiða rekstrarleyfisþáttinn af hálfu hinnar síðargreindu stofnunar. Hefur MAST jafnframt staðfest gagnvart Löxum að stofnunin hafi mótttekið hið afgreidda starfsleyfi frá UST.

---

Með lögum nr. 101/2019, sem tóku gildi þann 19. júlí 2019 og fólu meðal í sér breytingar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, voru lögfest ákvæði um áhættumat erfðablöndunar, sbr. nú 6. gr. a. laganna. Þó var kveðið á um í bráðabirgðaákvæði VI. í lögumum að þrátt fyrir ákvæði 6. gr. a. skyldi Hafrannsóknastofnun leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir samráðsnefnd um fiskeldi svo fljótt sem auðið yrði eftir að hin nýju lög hefðu verið birt í Stjórnartíðindum.

Í samræmi við tilgreindar heimildir hefur Hafrannsóknastofnun nú endurskoðað fyrrgreint áhættumat sitt frá júlímánuði 2017 og voru niðurstöður þess efnis kynntar opinberlega þann 19. mars 2020. **Samkvæmt þeim gögnum, sem dagsett eru 17. mars 2020, ráðleggur Hafrannsóknastofnun nú, í samræmi við hið uppfærða áhættumat, að hámarkslífmassi í Reyðarfirði nemi 16.000 tonnum.** Er sérstaklega tiltekið að í hinu nýja mati sé miðað við hámarkslífmassa. Framleiðsla sé nú reiknuð sem 80% af hámarks- lífmassa en hafi áður verið lögð að jöfnu. Aukningin nema því í reynd 20%. Þá er jafnframt eftirfarandi tiltekið í tilgreindum skjölum frá Hafrannsóknastofnun varðandi Reyðarfjörð:

*„Í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði er lagður til hámarkslífmassi 12.000 og 16.000. **Með notkun 400 gramma seiða má auka hámarkslífmassa í 14.000 og 18.000 tonn.**“*

Um þetta efni vísast nánar til eftirfarandi efnis sem birt er á vef Hafrannsóknastofnunar auk meðfylgjandi glærुकyningar:

Ráðgjöf:

[https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/R%C3%A1%C3%B0gj%C3%B6f\\_%C3%81h%C3%A6ttumat202011192881.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/R%C3%A1%C3%B0gj%C3%B6f_%C3%81h%C3%A6ttumat202011192881.pdf)

Tækniskýrsla:

[https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/T%C3%A6knisk%C3%BDrsla\\_%C3%81h%C3%A6ttumat202011192882.pdf](https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/T%C3%A6knisk%C3%BDrsla_%C3%81h%C3%A6ttumat202011192882.pdf)

Samkvæmt hinu uppfærða áhættumati Hafrannsóknastofnunar er áhættumat erfðablöndunar nú ekki lengur takmarkandi þáttur varðandi framleiðsluheimildir í Reyðarfirði vegna umsóknar Laxa um 10.000 tonna viðbótarframleiðsluheimildir. Þá liggur fyrir að burðarþolsmat stofnunarinnar vegna sama fjarðar kveður á um 20.000 tonna hámarkslífmassa og er sá þáttur því ekki heldur takmarkandi vegna starfsleyfisumsóknar félagsins.

Að mati Laxa er ljóst að hið uppfærða áhættumat Hafrannsóknastofnunar, sem nú hefur verið kynnt, mun skapa grundvöll að tillögu stofnunarinnar til ráðherra um það magn frjórri laxa, mælt í lífmassa, sem heimilt verður að ala í sjó hverju sinni í Reyðarfirði, sbr. 1. mgr. 6. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Líkt og kveðið er á um í 4. mgr. sömu greinar er tillaga Hafrannsóknastofnunar bindandi fyrir ráðherra sem ber að staðfesta áhættumat erfðablöndunar.



Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telja Laxar ljóst að skilyrði séu nú til að taka til meðferðar hjá UST umsókn félagsins um starfsleyfi til aukinnar framleiðslu á frjóum laxi í Reyðarfirði um 7.000 tonn, sbr. B-hluta af upphaflegri starfsleyfisumsókn Laxa sem tók til alls 10.000 tonna viðbótarframleiðslu. Byggja Laxar á að staðfesting hins uppfærða áhættumats erfðablöndunar, í samræmi við framangreindar heimildir laga nr. 71/2008, muni hafa farið fram þegar til afgreiðslu umsóknarinnar kemur, þ.e. að lokinni lögbundinni málsmeðferð hjá UST.

Með vísan til þess óska Laxar nú eftir að starfsleyfisumsókn þeirra að þessu leyti (B-hluti – 7.000 tonn) verið tekin til málsmeðferðar og afgreiðslu hjá UST. Er þess vinsamlega óskað að málsmeðferð verði hraðað eins og unnt er af hálfu stofnunarinnar.

Óskað er eftir afstöðu UST til þessa erindis svo fljótt sem verða má.

Telji UST þörf á frekari gögnum til þess að unnt sé að taka umsóknina að þessu leyti til málsmeðferðar og afgreiðslu þá munu Laxar bregðast skjótt við slíkri gagnabeiðni stofnunarinnar, sbr. meðal annars 1. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Þess skal að endingu getið að sambærilegu erindi hefur verið beint til MAST vegna umsóknar Laxa um rekstarleyfi vegna sömu framkvæmdar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Laxa Fiskeldis ehf.



Sölvi Davíðsson Irl.

#### Fylgiskjöl:

1. Greinargerð Laxa Fiskeldis ehf. til Umhverfisstofnunar, dags. 30. janúar 2019.
2. Tölvubréf Laxa Fiskeldis ehf. til Umhverfisstofnunar, dags. 30. janúar 2019.
3. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um endurskoðun áhættumats erfðablöndunar vegna laxeldis í sjókvíum, dags. 17. mars 2020.
4. Glærुकyning Hafrannsóknastofnunar vegna áhættumats erfðablöndunar.



Fylgigögn í tölvupost.

## Sölvi Davíðsson

---

**From:** Sölvi Davíðsson  
**Sent:** 20 March 2020 10:33  
**To:** 'Sigurður Ingason'; Agnar Bragi Bragason; Steinar Rafn Beck Baldursson  
**Cc:** 'Jens Garðar Helgason'; Einar Örn Gunnarsson  
**Subject:** Varðar umsókn Laxa Fiskeldis ehf. um starfsleyfi í Reyðarfirði – 10.000 tonn. Ósk um málsmeðferð vegna 7.000 tonna, sbr. B-hluta umsóknarinnar.  
**Attachments:** Bréf Laxa Fiskeldis ehf. til Umhverfisstofnunar, dags. 20.3.2020.pdf; Fskj. nr. 1.pdf; Fskj. nr. 2.pdf; Fskj. nr. 3.pdf; Fskj. nr. 4.pptx

Komið þið sælir.

Hjálagt er að finna bréf Laxa Fiskeldis ehf. til Umhverfisstofnunar, auk fylgiskjala, þar sem óskað er eftir að stofnunin taki til meðferðar umsókn félagsins um starfsleyfi til aukinnar framleiðslu á frjóum laxi í Reyðarfirði um 7.000 tonn, sbr. B-hluta af upphaflegri starfsleyfisumsókn félagsins sem tók til alls 10.000 tonna viðbótarframleiðslu. Beiðnin er grundvölluð á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar varðandi uppfært áhættumat erfðablöndunar, sem kynnt var í vikunni. Að öðru leyti er vísað til þess efnis og þeirra sjónarmiða sem rakin eru í bréfinu. Frumrit þess hefur verið póstlagt.

Þess er vinsamlega óskað að móttaka bréfsins verði staðfest með svari við þessu tölvubréfi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Laxa Fiskeldis ehf.

Sölvi Davíðsson lrl.

## Sölvi Davíðsson

*lögmaður*

Lágmúla 7  
IS-108 Reykjavík  
ÍSLAND  
// Tel + 354 516 4000 // Mobile + 354 660 5909



Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized.

